Matvælaráðuneytið
skrifstofa sjávarútvegsmála

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir skrifstofustjóri
Guðmundur Jóhannesson sérfræðingur

2. febrúar 2022

Með bréfi ráðuneytisins dagsettu 26. janúar er óskað umsagnar Landssambands smábátaeigenda við þá fyrirætlun að loka á veiðar með fiskibotnvörpum hluta veiðisvæðis sem nefnt hefur verið Skápurinn.

Mikil og góð eining er meðal félagsmanna LS um að ráðherra setji reglugerð sem styrki og efli hin smáu sjávarpláss víðs vegar um landið. Í þessu tilfelli er um að ræða byggðarlag sem algjörlega er háð afla frá smábátum.

Ályktun 37. aðalfundar LS þann 15. október 2021:

> ***Skápurinn***
> *Aðalfundur LS lýsir ánægju sinni með reglugerðalokun á hluta „Skápsins" utan Borgarfjarðar eystri, fyrir togveiðum. Reynslan af lokuninni sýnir svo ekki verður umdeilt að trillur sem róa frá Borgarfirði eystra hafa getað sótt á sín heimamið í haust, hafa ekki þurft að sækja 30 - 50 sjómílur á haf út, út fyrir togskipin.*
> *Veiði hefur verið með ágætum á handfæri eftir að svæðinu var lokað, það er gríðarleg breyting frá fyrri árum.*
> *Umrædd lokun hluta skápsins er gerð með reglugerð til eins árs og gildir 1. júlí 2021 til 31. des 2021 reglugerð nr. 742/2021.*
> *Krefst fundurinn þess að lokunin verði sett í lög og gildi í það minnsta 1. júlí til 31. des ár hvert.*

Landssamband smábátaeigenda mælir eindregið með að fyrirhuguð reglugerð komi til framkvæmda.

Virðingarfyllst

Arthur Bogason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri